

79. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 21. janúar 2025, kl. 15:00 á netinu.

**Mættir:** Jón Kort Ólafsson formaður, Bjarney Sigurðardóttir, Íris Hauksdóttir, Katrín Freysdóttir, S. Guðrún Hauksdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Hanna Valdís Hólmarsdóttir og Auður Guðbjörg Gautadóttir fulltrúar nemenda, Birna Björnsdóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Skólameistari fór yfir stefnu um menningarlíf sem er frá 2023 og hvernig unnið hefur verið eftir henni. Þar á meðal sagði hún frá listamanni mánaðarins. Í haust sýndi Pia Rakel Sverrisdóttir verk sín og Bergþór Morthens mun sýna verk sín á vorönn.

### 2. Námsframboð skólans

Aðstoðarskólameistari fór yfir námsframboð skólans á vorönn 2025 sem er hefðbundið. Alls eru 63 áfangar kenndir og þar af 3 nýir. Það eru ERLE1MA05 (erlent samstarfsverkefni um menningararfleifð), TILV1HR05 (hreysti og hollusta fyrir starfsbraut) og UPPE2UE03 (upplýsingatækni eldri borgara).

### 3. Niðurstaða náms á haustönn

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður náms á haustönn 2024. Í upphafi annar voru 517 nemendur skráðir og þann 19. desember útskrifuðust 24, 6 af félags- og hugvísindabraut, 11 af kjörnámsbraut, 2 af listabraut myndlistarsviði, 1 af listabraut ljósmyndasviði, 1 af náttúruvísindabraut og 3 af stúdentsbraut að loknu starfsnámi. Hafa þá 626 verið brautskráðir frá upphafi. Á haustönn skilaði skólinn 125 ársnemendum en á vorönn 2024 voru þeir 121. Ársnemar fjárhagsársins 2024 eru því 246. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn var 6,7 sem er heldur hærra en undanfarnar annir. Að meðaltali náðu 84% nemenda áföngum sem er heldur hærra en annirnar á undan og brottfall 6,4% sem er minna en á síðustu vorönn. Hópanýting var að meðaltali 97%.

### 4. Innritun og upphaf annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir upphafi vorannar. Tveimur vikum eftir upphaf annar eru skráðir nemendur 566 og þar af 496 með skólann sem aðalskóla. Alls voru samþykktar 239 nýjar umsóknir og 43 umsóknum var hafnað. Fjarnemar eru 516.

### 5. Erlend og innlend verkefni

Skólameistari sagði frá verkefnum sem eru í gangi. Sjálfbærni í námi, lífi og starfi á Fuerteventura en þangað fara tveir kennarar auk skólameistara. Inga Þórunn kennari fór í „starfsspeglun“ (job shadowing) eftir áramótin í skóla á Fuerteventura. Nú eru sex kennarar á leið á Bett-sýninguna í London, þar af fjórir á vegum skólans og 2 á vegum Via Nostra. Þá mun kennari fara á Erasmus-námskeið um gervigreind í Prag í byrjun apríl. Nemendahópur er á leið í verkefni í Lettlandi í miðannarviku, ERLE1MA05. Með fara tveir kennarar og eitt foreldri. Skólameistari mun fara til Noregs á framhaldsskólaráðstefnu um lýðfræðilegar breytingar og tæknitækifæri í framhaldsskólanámi. Þar verður hún með erindi en NKI sem er

fullorðinsfræðslustofnun í Noregi og hefur haft áhuga á skólanum okkar og hefur skrifað grein um skólann. Tveir starfsmenn fara til Glasgow á NCL's International Week í boði New College Lanarkshire. Þar verða þær á ráðstefnu og með erindi um skólann. Lára upplýsti einnig að í tengslum við Samlandssamstarfið muni tveir starfsmenn fara til Ísafjarðar að kynna sér móttöku nýrra nemenda og íslenskukennslu erlendra nemenda. Ída upplýsti að tvær nýjar umsóknir um erlend verkefni væru í vinnslu.

## **6. Félagslíf nemenda**

Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemendafélagsins, gerði grein fyrir félagslífi nemenda. Nemendafélagið hefur unnið að því að bæta við viðburðum og efla félagslífið. Til dæmis hefur viðburðum á kvöldin verið bætt inn, svo sem LAN- og myndakvöldum. Bæði stelpur og strákar mæta á þessa viðburði. Þá er hópur að fara að keppa fyrir hönd skólans í rafíþróttum á FRÍS. Lára benti á að félagslíf nemenda í MTR væri ekki eins og algengast er í öðrum framhaldsskólum.

## **7. Önnur mál**

### **7.1 Bréf nemendafélagsins til bæjaryfirvalda**

Stjórn nemendafélagsins Trölla sendi bréf á dögunum til bæjarfulltrúa og stjórnenda Grunnskóla Fjallabyggðar. Í bréfinu lýsa nemendur yfir óánægju sinni með umræðu um Menntaskólann á Tröllaskaga innan Grunnskóla Fjallabyggðar. Þar sé nemendum meðal annars ráðlagt af kennurum að fara frekar í aðra skóla að loknu grunnskólanámi.

Hanna Valdís og Auður Guðbjörg gerðu grein fyrir tilurð bréfsins og ástæðum fyrir því að nemendur ákváðu að senda það. Nemendaráð er ánægt með viðtökurnar og mun eiga fund með skólastýru grunnskólans.

### **7.2 Gjaldskrár**

Skólameistari ræddi um heimildir skólans til að afla tekna á næsta ári. Þar ræddi hún um tekjur af innritunargjöldum og tekjur vegna erlendra verkefna. Hún upplýsti að hún hefði skoðað gjaldskrár annarra skóla og þar hefði hún séð að ekki hefði verið mikið um hækkanir. Hún lagði til að tekin yrði ákvörðun um gjaldskrá á næsta skólanefndarfundi.

### **7.3 Sparnaður í ríkisrekstri**

Skólameistari upplýsti að hún hefði fengið bréf frá forsætisráðherra um sparnað í ríkisrekstri. Þar er óskað eftir tillögum og mun hún huga að því hvort eitthvað má bæta.

### **7.4 Kaup á næðisrými**

Skólameistari sagði frá því að fyrir jól voru keypt tvö næðisrými, annað fyrir nemendur og hitt fyrir starfsfólk. Þau hafa komið sér vel og fólk er ánægt með þau.

### **7.5 Afhending skírteinis og viðurkenningar**

Ída sagði frá því að hún hefði afhent dúx skólans í desember, skírteini og viðurkenningu á Spáni milli jóla og nýárs. Þar býr stúlkan með fjölskyldu sinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.